

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir: „Meginmarkmið með frumvarpi þessu er að efla kennslu og rannsóknir í landbúnaði með því að endurskoða stofnanaskipan landbúnaðarins og sameina undir eina yfirstjórn Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Á undanförunum árum hafa Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins átt með sér náið samstarf á ýmsum sviðum, enda er markmið beggja stofnana að efla íslenskan landbúnað. Samstarf stofnananna hefur gengið vel og farið vaxandi. Samruni þeirra er lykilatriði í þeirri samþættingu verkefna sem nauðsynleg er til þess að starfsemin eflist enn frekar. Kostir sameiningar felast m.a. í því að kennslu- og rannsóknastarfsemi verður heildstæðari, starfsfólki bjóðast fjölbreyttari verkefni og fjármagn nýtist betur. Á sama tíma ætti nemendum að bjóðast fjölbreyttari tækifæri til að afla sér menntunar og reynslu af þátttöku í rannsóknum.“

Hægt er að taka undir þessi markmið og röksemdafærslu að hluta. Að mati undirritaðs er ekki nauðsynlegt að sameina stofnanir til að njóta sameiginlegs styrks þeirra. Litlar stofnanir á sérhæfðum sviðum geta verið mjög virkar og miðlað ríkulega til annarra stofnana í samstarfi ef þær fá að njóta sjálfstæðis, innri metnaðar og styrks nærsamfélagsins.

Sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er tímabær en því miður er valin sú leið að leggja báðar stofnanir niður og búa til nýja stofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands. Að mati undirritaðs væri mun skynsamlegra að sameina þessar stofnanir undir nafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Samstarf Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri er orðið mjög náið og þarf því að gæta þess að ótaktískar sameiningaraðgerðir spilli þar ekki fyrir.

Að mati 2. minni hluta átti að binda þessa lagasetningu alfarið við að sameina þessar tvær stofnanir í eina, festa heimili höfuðstöðvanna á Hvanneyri og blanda ekki öðrum þáttum inn í sameiningarferlið.

### Handahófskennd vinnubrögð.

Frumvarpið kom fram nokkrum dögum fyrir áætluð þinglok og var settur slíkur hraði á afgreiðslu þess að ekki náðist að vinna það með eðlilegum hætti í nefndinni.

Fram kom á fundum nefndarinnar að ekki hafi verið haft samráð við stjórnendur stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, um samningu frumvarpsins, en þeir hefðu örugglega getað gefið góð ráð um lagasetningu

**Prentað upp.**

sem miðar að sameiningu þessara tveggja stofnana. Þessir forstöðumenn hafa leitt stofnanir sínar og fjölbreytt starf þeirra farsælega um áratugi.

Í miðri umfjöllun málsins í nefndinni er svo skyndilega tekin kúvending og ákveðið að kippa Garðyrkjuskóla ríkisins upp í sameiningarhringekjuna án nokkurs undirbúnings eða könnunar á því hvaða áhrif það hefði á sameiningarferli hinna stofnananna tveggja. Það er enn ein staðfestingin á því að landbúnaðarráðherra og meiri hluti landbúnaðarnefndar hafi ekki skilgreint markmið eða framtíðarsýn í þessari aðgerð.

### **Garðyrkjuskóli ríkisins lagður niður.**

Engin umræða hefur farið fram innan nefndarinnar um það hvernig fara skuli með núverandi verkefni Garðyrkjuskólans en einungis lagt til í breytingartillögum meiri hlutans að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli starfrækja „sérstakar starfsmenntanámsbrautir á sviði garðyrkju“. Nú má vel vera réttlætandi að leggja Garðyrkjuskólann niður eða breyta rekstri hans og verkefnum frá því sem nú er en slíkar grundvallarbreytingar ber að gera að vel athuguðu máli og með skýrri framtíðarsýn, sem því miður virðist ekki vera fyrir hendi. Hér er um svo viðkvæma hluti að ræða að ekki er hægt annað en lýsa vanþóknun á handahófskenndum vinnubrögðum meiri hlutans.

Menntastofnanir landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum og að Reykjum í Ölfusi hafa verið einna öflugustu rannsókn- og kennslustofnanirnar í dreifbýli á Íslandi. Sérstaklega hafa menntastofnanirnar á Hólum og á Hvanneyri skipt afar miklu máli í byggðalegu tilliti, ekki aðeins fyrir næsta nágrenni staðanna heldur einnig fyrir styrk og sjálfsmynd hinna dreifðu byggða um allt land. Slíkt er ekki sjálfgefið og þeim mun meiri ástæða er til að fara varlega og stíga aðeins þau skref til breytinga sem sannarlega geta orðið til að efla þessar stofnanir og tryggja þær í sessi á skólastöðunum.

### **Að gera stofnanir heimilislausar.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landbúnaðarstofnanirnar sem hér um ræðir séu sviptar heimilisfangi sínu og er þar með stigið fyrsta skrefið í að veikja framtíð þeirra á stöðunum. Ef stofnun er heimilislaus í lögum er það á valdi ráðherra hverju sinni að ákveða heimili hennar og hvar yfirstjórn stofnunarinnar er staðsett.

Aðstandendur Hólaskóla mótmæltu því harðlega að Hólaskóli verði sviptur lögbundnu heimilisfangi sínu á Hólum í Hjaltadal og þar með settur á vergang. Jafnframt lögðu þeir áherslu á sjálfstæði hans og að lagabreytingin mætti í engu skerða vaxtarmöguleika hans og forræði á sérsviðum stofnunarinnar sem hún hefur markað sér og kveðið er á um í samkomulagi skólanna um verkaskiptingu. Ber að fagna því að við þeirri ósk hefur verið orðið og í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að bundin sé í lög heimilisfesti Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Hvanneyringa fékkst ekki bundið í lög að hinn nýji Landbúnaðarháskóli Íslands ætti heima á Hvanneyri. 2 minni hluti telur mikilvægt að ekki sé nokkur vafi á að yfirstjórn Landbúnaðarháskóla Íslands og höfuðstöðvar séu á Hvanneyri og því eigi að binda það í lög.

### **Ein stofnun – ein lög – ein reglugerð.**

Mikilvægt er að stjórn hins nýja háskóla sé í samræmi við það sem gerist hjá öðrum háskólum, þ.e. að fulltrúar nemenda og starfsfólks eigi þar aðild. Einnig verður að telja þá skip-

an óeðlilega að Háskóli Íslands skipi fulltrúa í háskólaráð Landbúnaðarháskólans. 2. minni hluti flytur breytingartillögu sem varðar skipan ráðsins.

Þá er og óeðlilegt að landbúnaðarráðherra ráði einn skipan háskólarektors heldur ber landbúnaðarráðherra að fara að tilnefningum háskólaráðs. 2. minni hluti flytur einnig breytingartillögu um þá skipan.

Í frumvarpinu og öðru frumvarpi sem flutt er samhliða (878. mál) er gert ráð fyrir að við hina nýju stofnun starfi sérstakt rannsóknasvið sem hafi sjálfstæðan fjárhag og um það megi setja sérstaka reglugerð. Er farið þar á svig við það markmið að búa til eina samþætta stofnun. Engar haldbærar skýringar fengust á því hvernig þetta átti að virka í reynd. Þó virðist starfsemi háskólans eiga að skiptast á tvö sjálfstæð fjárlaganúmer með aðskilinn fjárhag. Ekki fékkst upplýst hvort ráðinn verður sérstakur framkvæmdastjóri fyrir rannsóknasviðið og starfsfólk sé ráðið sérgreint á rannsóknasvið og kennslusvið. Erfitt er að sjá hvernig þetta á að virka í reynd en ljóst er að hér er tekin mikil áhætta gagnvart því markmiði að móta hér eina samþætta stofnun.

Þegar Garðyrkjuskólinn hefur svo verið lagður niður og færður undirbúningslaust undir hina nýju stofnun verður framtíðaruppbygging hennar enn meir á reiki.

Undirbúningur frumvarpsins miðaði alfarið að sameiningu stofnananna tveggja, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Hvað þýðir sú tilhögun sem meiri hlutinn leggur til að hinn nýi Landbúnaðarháskóli Íslands skuli ekki aðeins starfa á tveim fjárhagslega sjálfstæðum sviðum heldur skuli hann einnig starfa deildarskipt. 2. minni hluti flytur breytingartillögu um að Landbúnaðarháskóli Íslands verði ein stofnun og á einum fjárlagalið.

### **Réttur starfsmanna verði virtur.**

Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að starfsfólki framangreindra stofnana, sem verða lagðar niður, skuli boðin störf við hina nýju stofnun. Stéttarfélag starfsmanna hafa lagt þunga áherslu á að þessar fyrirhuguðu breytingar verði unnar í nánú samstarfi við starfsfólk og samtök þeirra og að ákvæði komi inn sem kveða á um að þeim skuli boðin *sambærileg* störf hjá hinni nýju stofnun.

Ljóst er að allmargir starfsmenn munu óska eftir starfslokasamningum við þessar breytingar og því mun reynast nauðsynlegt að ráða nýtt starfsfólk til að halda óbreyttri starfsemi. Reynslan hefur sýnt að sameiningar stofnana með þessum hætti eru viðkvæmar gagnvart starfsfólki. Þær eru einnig kostnaðarsamar og því er umsögn fjármálaráðuneytis, um að fjárútlát vegna starfsmannamála við sameininguna rúmist innan fjárlagaheimildar þeirra stofnana sem eiga í hlut, fullkomlega óraunhæf. Mikilvægt er að þessi yfirlýsing fjármálaráðuneytisins verði dregin til baka því að annars stendur þessi nýja stofnun frammi fyrir stórkostlegum niðurskurði og fjársvelli. Vonandi reynist sá grunur rangur að hér sé um beinar sparnaðar- aðgerðir af hálfu ríkisins að ræða.

### **Sjálfstæði Hólaskóla tryggt?**

Menntastofnanir landbúnaðarins gegna gríðarmikilvægu og margþættu hlutverki. Þær hafa verið stærstu mennta- og rannsóknastofnanir í dreifbýli á Íslandi um áratugi og sýnt í verki að hægt er að byggja upp slíkar stofnanir við þær aðstæður. Þær starfa í nánú tengslum við atvinnulífið og eru jafnframt þátttakendur í öflugum rannsókna- og menntasamstarfi við háskólastofnanir hér á landi sem og víða um heim. Á grunni sjálfstæðis og innri styrks hefur þeim verið gert þetta mögulegt. Fara þarf mjög varlega í allar breytingar á stöðu og umgjörð

þessara stofnana og þarf hvert skref til breytinga að vera rækilega rökstutt og með skýra framtíðarsýn.

Því er fagnað að Hólaskóli skuli standa utan við þessa sameiningu og meiri hlutinn hafi lagt fram breytingartillögu um að heimili Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal verði áfram bundið í lög. Þó hefði verið ástæða til að setja ákvæði í lög sem miðuðu að því að tryggja enn betur sjálfstæði, sérstöðu og verkefni Hólaskóla til frambúðar.

### **Árnaðaróskir.**

Samkvæmt þessu frumvarpi og breytingartillögum meiri hlutans verður Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi lagður niður og felldur inn í sameiningu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í Landbúnaðarháskóla Íslands. Fari svo er starfsfólki þessara þriggja stofnanna þakkað gott og óeigingjarnt starf í þágu íslensks landbúnaðar og þjóðarinnar allrar.

Jafnframt er Landbúnaðarháskóla Íslands, starfsliði og nemendum á hverjum tíma óskað farsældar í starfi um ókomin ár.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jón Bjarnason,

### **Fylgiskjal I.**

*Jón Bjarnason:*

#### **Háskóli í Hjaltadal.** (Morgunblaðið, 2. apríl 2003.)

Þau tíðindi hafa nú gerst að Hólaskóli í Hjaltadal er orðinn fullgild háskólastofnun. Með nýjum lögum um búnaðarfræðslu frá 1999 var kveðið á um að Hólaskóli geti starfað sem háskólastofnun á sérgreindum sviðum kennslu og rannsókna eins og hann hafði reyndar gert um árabíl – þótt með óformlegum hætti hafi verið.

Við hátíðlega athöfn heima á Hólum í dag mun landbúnaðarráðherra undirrita nýja reglugerð fyrir skólann. Reglugerðin festir niður háskólanafnbótina með formlegum hætti og veitir Hólaskóla réttindi til þess brautskrá nemendur með háskólagráðu. Þetta eru gleðileg tímamót í sögu Hólaskóla, menntastofnunar sem teygir sig allt aftur til daga Jóns Ögmundssonar, fyrsta biskups Hólastiftis.

Það er mikilvægt að draga réttan lærdóm af vexti og þroska Hólaskóla á síðustu árum fyrir framtíðaruppbyggingu í menntamálum á landsbyggðinni. Einn helsti lykillinn að velgengni skólans er sjálfstæði hans, en það hefur leyft honum að starfa á sínum eigin forsendum. Í krafti sjálfstæðis síns hefur hann styrkt stöðu sína og breikkað verkefnasviðið með samningum við fyrirtæki, bændur, einstaka háskóla og rannsóknastofnanir hérlendis og erlendis. Oft og tíðum hefur það komið til tals á síðari árum að fella skólann undir einhverja aðra stofnun, fyrir sunnan eða norðan, og gera hann þannig að útibúi sem yrði stjórnað úr fjarlægð. Þessum hugmyndum var sem betur fer alltaf úthýst, þótt stundum væri knúið fast dyra. Staðreyndin

er sú að smæðin getur verið kostur, ef rétt er staðið að málum. Sjálfstæði, frumkvæði og sveigjanleiki er alger forsenda þess að litlar menntastofnanir – á hvaða sviði sem er – geti staðist stærri og þungskreiðari stofnunum snúning. Þetta hefur Hólaskóla tekist líkt og öðrum litlum sjálfstæðum menntastofnunum í landinu, s.s. á Bifröst og Hvanneyri.

Það er mjög mikilvægt að hafa í huga þennan styrk sem sjálfstæðið gefur þegar framkvæmdir eru góðar hugmyndir um háskólastofnanir í sem flestum landshlutum. Sannleikurinn er sá að útibúahugmyndin í uppbyggingu mennta- og rannsóknastofnana út um hinar dreifðu byggðir er mjög brothætt. Sú hætta getur fylgt uppbyggingu ósjálfstæðra útibúa, að þau verði olnbogabörn í fjölskyldu annarra og stærri menntastofnana sem allar hafa fastar hugmyndir um eigin vöxt og viðgang. Þannig að þau muni ávallt mæta afgangi. Af þeim sökum getur verið mun farsælla að ríki og sveitarfélög byggji upp rannsókn- og menntastofnanir á forsendum heimafólks í byggðunum. Og virkja þannig metnað, frumkvæði og ábyrgð heimafólks. Þetta þýðir vitaskuld ekki að menntastofnanir eigi að halda sig sér og sneiða hjá samvinnu við aðra menntastofnanir. Þvert á móti. Það er grundvallaratriði að leggja krafta sína með öðrum á sem flestum sviðum, hvort sem það er innan héraðs eða utan. Það sem skiptir mestu máli er að litlar menntastofnanir gangi til samninga sem sjálfstæðir aðilar og nái að móta samstarfið á sínum eigin forsendum fremur en vera afgangsstærð í bókum stærri stofnana.

### **Smæðin getur verið kostur.**

Á síðari árum hafa mörg atvinnufyrirtæki úti á landi – einkum í sjávarútvegi – farið úr eigu heimamanna og lent í höndum fjarlæggra stórfyrirtækja. Atvinnulífinu er þannig stjórnað af fólki sem er ókunnugt aðstæðum og hefur ekki taugar til staðarins. Undir þessum kringumstæðum er erfitt að búast við nýsköpun í tengslum við helstu fyrirtæki staðarins. Af þessum sökum er einnig mikilvægt að þær stofnanir sem byggðar eru upp úti á landi til þess að efla menntun og fjölbreytni lúti ekki sömu lögmálum, heldur séu sjálfstæðar. Oft er sem fólki vaxi í augum smæðin og fámennið utan Reykjavíkur. Það gleymist oft að það getur falið í sér ýmsa kosti að vera smár og knár, auk þess sem orðin smæð og fámenni eiga við Ísland allt. Það er enn fremur staðreynd að Hólaskóli hefur náð miklum árangri í erlendum samstarfsverkefnum vegna þess að í augum útlendinga eru nær allar menntastofnanir á Íslandi smáar og aðeins bitamunur en ekki fjár á milli þeirra.

### **„Skín við sólu.“**

Það er mjög gleðilegt að sjá hve Skagfirðingar hafa haldið sínu í róti síðustu ára og hve mikla möguleika héraðið hefur á sviði mennta og rannsókna. Hólaskóli og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hafa rudd brautina, en sérstæðar auðlindir, menning og atvinnulíf bjóða heim stórauðnum möguleikum í þekkingariðnaði. Saga og fornminjar Skagafjarðar eru einstæðar sem og þær auðlindir sem felast í fjölbreyttri náttúru. Hér er háþróaður matvælaíðnaður, velbúið sjúkrahús og opinberar stjórnsýslustofnanir.

Rannsóknir, þróun og fjölbreytt fræðslustarf á grunni þessara auðlinda eru hin stóru tækifæri héraðsins.

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur nýlega skipað starfshóp skipaðan fulltrúum frá menntastofnunum og atvinnulífi héraðsins til að vinna að enn frekari uppbyggingu háskólanáms og rannsókna í Skagafirði á grunni mannauðs, tækniþekkingar, menningararfs og náttúruauðlinda héraðsins. Sóknarfærin felast í þessum sívirknu dýrmætu auðlindum.

Til hamingju Hólaskóli á merktum tímamótum.

## Fylgiskjal II.

*Skúli Skúlason,  
rektor Hólaskóla:*

### **Samstarf háskóla og sveigjanleiki í námi.**

(Morgunblaðið, 24. maí 2004.)

Mikil gróska er í íslenskum háskólum sem hefur orðið tilefni mikilla umræðna undanfarna mánuði. Eitt atriði sem vegur mjög þungt í þessari umræðu er samstarf og samvinna háskóla um kennslu og rannsóknir. Ljóst er að þetta verður eitt af forgangsattriðum í íslenskri háskólapólitík á næstu árum. Með aukinni samvinnu milli skóla, t.d. um kennslu í einstökum námsgreinum eða gagnkvæmu mati á námskeiðum, er ekki einungis um að ræða mikilvæga hagræðingu í kennslu heldur er með þessu hægt að tryggja gæði námsins enn frekar. Styrkurinn felst í því að fá það besta á hverjum stað s.s. kennara, þekkingu og aðstöðu, og tryggja nemendum þannig bestu mögulegu menntun. Í þessu felst líka sveigjanleiki sem eykur valkosti nemenda í hverjum skóla. Enn fremur er fullljóst að bættar samgöngur og tæknilegar framfarir í fjarkennslu gera dreifnám við fleiri en einn skóla sífellt fýsilegri valkost.

### **Sérhæft fagnám.**

Þegar fleiri en einn háskóli bjóða nám í sömu fræðigreinum segir það sig sjálft að samvinna er æskileg og hún sé líkleg til að koma nemendum til góða. Mikilvægi samvinnu háskóla er augljóst þegar hugsað er til sérhæfs starfsnáms, ekki síst þar sem sérhæf menntun kennara og/eða dýr og flókin aðstaða er nauðsynleg. Hvort tveggja á við um þau fræðastörf og kennslu sem fram fer við Hólaskóla, háskólann á Hólum. Skólinn einbeitir sér að þremur fræðigreinum: fiskeldisfræði, ferðamálafræði og hestafræði. Í öllum tilfellum er um að ræða atvinnugreinar sem eru í örur vexti og hafa mikla þýðingu fyrir afkomu þjóðarinnar og búsetu í landinu.

### **Reynsla Hólaskóla af samstarfi.**

Undanfarin 15 ár hefur Hólaskóli byggst upp sem lítil en öflug háskólastofnun með áherslu á starfsmenntun og rannsóknir. Skólinn býður nú uppá B.S. nám í fiskeldi og fiskalíf-fræði og B.A. nám í ferðamálafræði. Einnig er boðið uppá styttra diplómanám á þessum sviðum. Hestanámið er í sambærilegri uppbyggingu og eru tvö af þremur árum í boði sem diplómanám. Forsendur þess að háskólanám hefur byggst upp á Hólum eru nokkrar. Í fyrsta lagi hefur samhliða kennslu verið lögð stund á margvísleg rannsókn- og þróunarverkefni. Í öðru lagi hefur verið byggð upp mjög góð aðstaða til kennslu og rannsókna á sérsviðum skólans. Í þriðja lagi hefur uppbygging háskólanámsins byggst á náinni samvinnu við aðra háskóla og rannsóknastofnanir. Með þessu hefur tekist að tryggja gæði námsins, sveigjanleika og valkosti fyrir nemendur. Með markvissu samstarfi hefur verið lagður grunnur að því heildstæða námi sem nú er orðin staðreynd við Hólaskóla. Samstarf við aðra háskóla hefur einkennst af gagnkvæmu mati á námi og möguleikum á því að færa námið á milli skóla. Þannig hefur diplómanám Hólaskóla í ferðamálafræðum um árabíl verið metið sem hluti (30 einingar) af B.S. námi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Viðskiptaháskólann á

Bifröst og margir nemendur hafa nýtt sér þessa kosti. Sambærilegir möguleikar gefast fyrir fiskeldisnemendur. Einnig er reiðkennaranám metið sem hluti af B.Sc. námi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Með þessum tengslum geta nemendur fengið það besta á hverjum stað. Sem dæmi má nefna að áherslur í ferðamálanáminu á Hólum eru mest á afþreyingu tengda náttúru og menningu sem og þjónustu og móttöku gesta. Með því að fá þetta nám metið inn í viðskiptafræðinámi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, eða öfugt fyrir nemendur á Bifröst, geta nemendur sem hafa áhuga á rekstrarþáttum ferðamála fundið menntun sinni þann farveg sem samræmist þessum áhuga. Með tilkomu B.A. og B.S. náms við Hólaskóla eflast þessir kostir enn frekar. Til dæmis er nú hafið náið samstarf fiskeldisdeildar Hólaskóla og auðlindaeildar Háskólans á Akureyri sem felur í sér víðtæk skipti á námskeiðum og kennurum í B.S. náminu þar sem styrkleikar hvorrar deildar eru nýttir til fullnustu. Samstarf Hólaskóla og Háskóla Íslands á sér langa sögu og hefur verið mjög virkt. Samstarfið hefur mikið snúist um rannsóknir starfsmanna og nema í M.S. og PhD. verkefnum, og nú er unnið að enn frekari eflingu kennslusamstarfs skólanna bæði í fiskeldisdeild og ferðamálaeild.

### **Erlent samstarf.**

Hólaskóli hefur víðtækt samstarf við erlenda háskóla bæði varðandi rannsóknir og kennslu. Frá 1991 haft t.d. verið náið samstarf við University of Guelph í Kanada en þar starfa deildir með svipaðar áherslur og Hólaskóli. Árin 1999, 2002 og 2003 var University of Guelph útnefndur nr. 1 „comprehensive“ háskóli Kanada. Árið 2003 var skólinn einnig útnefndur sem „Rannsóknaháskóli ársins“ í Kanada og var nr. 1 í vali kanadískra stúdenta fyrir bestu kampusstemninguna og tæknilega þjónustu við nemendur. Þar að auki er skólinn einn sterkasti skóli Kanada hvað varðar fjarnám. Auk um 20.000 reglulegra nemenda eru 20.000 nemendur í fjarnámi. University of Guelph hefur kynnt sér nýja námskrá Hólaskóla og mun að fullu meta hið nýja B.S. og B.A. nám. Í ferðamálafræðum og fiskeldisfræðum er gert ráð fyrir skipulögðum skiptum á námskeiðum og stúdentum milli skólanna. Þannig er stefnt að því að nemendum Hólaskóla gefist kostur á að taka misseri við University of Guelph sem hluta af B.A. eða B.S. námi við Hólaskóla. Einnig er unnið að samstarfi um alþjóðlegt nám um íslenska hestinn. Verið er að vinna að sambærilegum tækifærum við háskóla á Norðurlöndum í tengslum við The Nordic Forestry, Veterinary and Agricultural University (NOVA).

### **Lokaorð.**

Samstarf við aðrar háskólastofnanir er og verður lykilatriði við eflingu Hólaskóla, Háskólans á Hólum. Samstarf verður að byggjast á gagnkvæmu trausti og hagsmunir nemenda verða að vera í fyrirrúmi. Það er trú mín að aukin samvinna íslenskra háskóla, um námsleiðir, rannsóknir og rekstur sé eitt mikilvægasta stefnumál íslenska háskólasamfélagsins.

### Fylgiskjal III.

#### Umsögn forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. (27. apríl 2004.)

##### **Umsögn um frv.t.l. um búnaðarfræðslu 879. mál og rannsóknir í þágu atvinnuveganna 878. mál frá forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.**

Landbúnaðarnefnd óskaði eftir afstöðu minni til ofangreindra frumvarpa á fundi sem haldinn var þann 20. apríl. Eru hér ítrekaðar helstu athugasemdir sem þar voru fram settar.

Mikil gerjun á sér stað í háskóla- og rannsókn- og þróunarkerfi þjóðarinnar. Vísinda- og tækniráð sem nýtekið er til starfa er ætlað verulegt hlutverk í því starfi. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna er til skoðunar en allt stefnir í þá átt að tengja starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna nánar við starfsemi skólanna. Háskólunum er í vaxandi mæli ætlað að sækja til samkeppnisjóða um fjármögnun rannsókna og þróunarverkefna. Að því leyti virðast frumvörpin falla að stefnumörkun Vísinda og tækniráðs þó ekki hafi enn verið rætt um sameiningu annarra stofnana sem heyra undir lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna við háskóla (Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Hafrannsóknastofnun) með þeim hætti hér er gert ráð fyrir með RALA og LBH.

Uppstokkun í þekkingarkerfi landbúnaðarins er tímabær. Á síðasta áratug hafa mál þróast með þeim hætti að á vegum landbúnaðarráðuneytis eru reknir þrjú skólar á háskólastigi og ætla þeir skólar sér allir metnaðarfullt starf á sviði rannsókna. Að auki eru rannsóknir stundaðar á nokkrum stofnunum utan RALA. Umfangsmiklar rannsóknir tengdar skógrækt fara fram á Rannsóknastöð skógræktar ríkisins. Rannsóknir tengdar landnýtingu, endurheimt landgæða og reyndar skógrækt að nokkru fara og fram innan Landgræðslu ríkisins. veiðimálastofnun vinnur að verkefnum tengdum lífríki í ám og vötnum en hefur einnig komið að eldisrannsóknnum sem skólarnir og RALA hafa sinnt. Leiðbeiningaþjónusta Bændasamtakanna kemur og að rannsóknnum.

Margt er skylt með þeim rannsóknnum sem á ofangreindum stöðum eru unnar. Stafslíðið á öllum stöðum hefur svipaðan bakgrunn í menntun og færni. Sérþekking



innan líffræðinnar er burðarásinn svo sem erfðafræði, lífeðlisfræði, næringarfræði tilraunastærðfræði o.fl.. Allar eru þessar einingar þó faliðaðar og jafnvel RALA sem er þessara eininga stærst telst fámennari en æskilegt er samkvæmt hugmyndum um svonefndan “kritiskskan massa”. Samtímis er þróunin í þá átt að viðfangsefni sem tekin eru til úrlausnar værða æ flóknari og krefjast í auknum mæli samstarf vísindamanna úr mismunandi fræðigreinum. Í vaxandi mæli er talið æskilegt að starfa í alþjóðlegum verkefnum svo sem innan rannsóknaráætlunar Evrópusambandsins sem Íslendingar greiða til. Þar fara verkefni sístækkandi. Rannsóknæiningar á Íslandi hafa vart afl til þess að taka þátt í slíkum verkefnum vegna smæðar. Samtímis þessari þróun er öreiningunum innan vébanda landbúnaðarins samt ætlað að keppa sín á milli um takmarkað fjámagn bæði innan lands og utan.

Ekki er skynsamlegt að þekkingaröflun, þróun og þekkingarmiðlun fari fram með svo flóknum og sundruðum hætti sem raun ber vitni innan landbúnaðargeirans. Í þeim einingum sem starfa að þekkingaröflun innan vébanda landbúnaðarins er mikill mannauður og spennandi kostur að stuðla að því að hann nýttist betur en nú er í þágu atvinnuvegarins og samfélagsins í heild. Megin athugasemd mín er því sú að æskilegt væri að ofangreind aðgerð væri víðtækari og að lágmarki að fram kæmi í frumvarpinu eða athugasemdum við það að ásetningur stæði til frekari samræmingar þeirrar sundurtættu starfsemi sem hér er lýst.

Í öðru lagi hef ég áhyggjur af þeirri athugasemd sem fram er sett í frumvarpinu að sameining þessi leiði ekki til kostnaðarauka. Enginn vafi er á því að sameiningin mun leiða til verulegs tímabundins kostnaðarauka. Þegar er ljóst að nokkrir starfsmenn munu kjósa að ljúka starfsferli sínum við þessa sameiningu og þiggja biðlaun. Af því og nýráðningum hlýst verulegur kostnaður. Einnig væri mjög æskilegt að leggja til nokkurt tímabundið fé til að örva samstarfsviljann þegar starfsmenn ólíkra stofnananna eru að ná samstæðu vinnulagi. Verði auknum fjármunum ekki veitt til stofnanna við þennan samruna er hætt við því að torvelt verði að standa við skuldbindingar sem RALA hefur gengist undir vegna verkefna sem studdar eru með framlögum úr samkeppnissjóðum. Við slíkar aðstæður er og hætt við að lykilstarfsmenn hugsi til hreyfings. Yrði af því mikið tjón sem erfitt væri að bæta. Starfsemin byggir á samfelli í uppbyggingu á þekkingu og færni samtímis því sem metnaðarfull verkefni vinnast áfram. Að þessu er mikilvægt að huga.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Tómasson  
-forstjóri-

Fylgiskjal IV.

Umsögn byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.  
(28. apríl 2004.)

**Frumvörp til laga um:**

- ✓ breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum. 878. mál.
- ✓ breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. 879. mál

**Afgreiðsla byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar.**

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fundaði þriðjudaginn 27. apríl 2004 þar sem tekin voru fyrir ofangreind frumvörp. Afgreiðsla byggðarráðs var með eftirfarandi hætti:

**Bókun**

*"Byggðarráð Skagafjarðar fer fram á það við Landbúnaðarnefnd Alþingis að endurskoða frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999, með síðari breytingum og frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965, með síðari breytingum. Frumvörpin eru í núverandi mynd aðför að uppbyggingu Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal sem sjálfstæðri og sérhæfðri vísindastofnun.*

*Byggðarráð leggur áherslu á að við breytingar á lögum um búnaðarfræðslu sé þess gætt að veikja hvergi lagalega stöðu Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Skv. reglugerð 244/2003 hefur Hólaskóli leyfi til að starfa sem háskólastofnun og því er nauðsynlegt er að styrkja sem mest stöðu og verkefni skólans. Leggja ber áherslu á sjálfstæði skólans sem vísinda- og menntastofnunar og að nafn hans sé órjúfanlega tengt Hólum í Hjaltadal."*

**Greinargerð**


*"Sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA) er æskileg. Tímabært er að færa starfsemi RALA undir starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.*

Í frumvörpunum er lögð til nafnabreyting á Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal og heimilisfesti hans útmáð. Teljum við slíkt ekki til þess fallið að styrkja Hólaskóla, Háskólann á Hólum í Hjaltadal sem sjálfstæða vísinda- og menntastofnun, heldur þvert á móti. Einnig gerir byggðarráð athugasemdir við hina altæku nafngift Landbúnaðarháskóli Íslands og telur hana óþarfa, þar sem nafnið Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri styrkir skólann og ímynd hans. Með stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands er ótvírætt vegið að sjálfstæði og vaxtamöguleikum Hólaskóla, Háskólans á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi. Vakin er athygli á mikilvægi þess að dreifa verkefnum sem nú heyra undir RALA til landbúnaðarháskólanna þriggja og styrkja þannig sérstöðu þeirra sem sjálfstæðra vísindastofnana.

Tryggja þarf og efla stöðu Háskólans á Hólum í Hjaltadal til að annast rannsóknir á sérsviðum sínum s.s. á ferskvatns- og sjávardýrum, hrossum og í ferðamálafræðum. Því þarf að gæta þess að breytingar á lögum um búnaðarfræðslu og rannsóknum í þágu atvinnuveganna styrki fremur en veiki stöðu Hólaskóla að þessu leyti. Gerir byggðarráð því alvarlegar athugasemdir við þær tillögur að setja í lög um fyrirhugaðan Landbúnaðarháskóla Íslands verkefni sem nú eru sérsvið Hólaskóla, Háskólans á Hólum. Reglugerð um verkaskiptingu á milli menntastofnana landbúnaðarins ætti að skýra þetta atriði fremur en lagagreinar."

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

  
 Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri

Fylgiskjal V.

**Umsögn Búnaðar- og garðyrkju kennarafélags Íslands.**  
(29. apríl 2004.)

**Efni: Frumvörp til laga um búnaðarfræðslu og rannsóknir í þágu atvinnuveganna.**

Stjórn Búnaðar- og garðyrkju kennarafélags Íslands BGÍ fagnar væntanlegri sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknarstofnunar Landbúnaðarins. Það hefur verið ágætt samstarf á milli LBH og RALA þar sem starfsmenn stofnanna hafa unnið saman að kennslu og rannsóknum. Með þessari sameiningu sjáum við mörg sóknarfæri á sviði kennslu og rannsókna innan starfsramma nýrrar sameinaðrar stofnunar; Landbúnaðarháskóla Íslands.

Það er mikilvægt að tryggja sjálfstæði háskóla. Með þessu frumvarpi er hinsvegar verið að draga úr sjálfstæði tilvonandi Landbúnaðarháskóla Íslands og munu eftirfarandi umsögn um frumvarp um búnaðarfræðslu styðja það sjónarmið.

Varðandi innhald frumvarpsins um breytingar á búnaðarfræðslu viljum við koma eftirfarandi á framfæri:

**Frumvarp til laga  
um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999,  
með síðari breytingum.**

**1. Staða háskólaráðs.**

Í nýju frumvarpi til laga er sú breyting gerð að landbúnaðarráðherra skipi háskólaformann og að rektor verði æðsti yfirmaður háskólans.

Þetta er breyting frá núgildandi lögum (25. gr.) um búnaðarfræðslu. Það er mat BGÍ að núverandi grein skuli standa óbreytt.

BGÍ telur mikilvægt að háskólaráð verði áfram æðsta stjórn háskólans. Þessu til stuðnings má benda á að í lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, er háskólaráð æðsta stjórn Háskóla Íslands. Það fyrirkomulag ætti einnig að gilda um yfirstjórn LBHÍ.

**2. Skipan háskólaráðs.**

Frumvarpið gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á skipan háskólaráðs. Með breytingunni verða kennarar, starfsmenn og nemendur ekki með fulltrúa í nýju háskólaráði. BGÍ telur það mikilvægt að allir hlutaðeigandi eigi að hafa fulltrúa í háskólaráði sem endurspegli samsetningu háskólans og þau svið sem hann sinnir.

BGÍ mælir með eftirfarandi samsetningu háskólaráðs:

1. Rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt formaður þess.

2. Einn fulltrúi fastráðinna kennara og einn til vara sem kjörnir eru á almennum fundi fastráðinna starfsmanna hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn.
3. Einn fulltrúi nemenda og einn til vara sem kjörnir eru hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans.
4. Einn fulltrúi kosinn er af Bændasamtökum Íslands til tveggja ára í senn (*æskilegt er að þessi aðili komi úr atvinnulífinu og hafi góða þekkingu á landbúnaðartengdum málefnum LBHÍ*).
5. Einn fulltrúi sem tilnefndur er af umhverfisráðherra til tveggja ára í senn (*æskilegt er að þessi aðili komi úr atvinnulífinu og hafi góða þekkingu á umhverfistengdum málefnum LBHÍ*).
6. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af landbúnaðarráðherra til tveggja ára í senn.
7. Einn fulltrúi og einn til vara skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

BGÍ telur það algerlega óviðeigandi og í alla staði óeðlilegt að í háskólaráði LBHÍ sitji fulltrúi frá Háskóla Íslands. Einnig telur BGÍ óeðlilegt að Bændasamtök Íslands skipi tvo fulltrúa í háskólaráði LBHÍ, enda sé það stefna nýrra laga að stuðst sé við víðtæka merkingu hugtaksins landbúnaður. Til þess að kröfum um víðtæka merkingu hugtaksins landbúnaðar sé fullnægt er það mat BGÍ að nauðsynlegt sé að skipa einn fulltrúa sem standi vörð um stöðu umhverfisfræða innan LBHÍ.

### 3. Ráðning háskólarektors.

Það er mikilvægt að það standi óbreytt að landbúnaðarráðherra skipi rektor samkvæmt tilnefningu háskólaráðs sbr. 25. gr. laga nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu. Með því móti er tryggt að sjálfstæði háskólans haldist og að háskólaráð virki sem æðsta stjórn skólans. Fagleg sjónarmið og þekking háskólaráðs á starfsemi háskólans er mikilvæg, áhrif þess á ráðningu háskólarektors þar af leiðandi nauðsynleg. BGÍ telur það grundvallaratriði að háskólaráð sem æðsta stjórnstig háskólans geti veitt ráðgjöf og faglegann stuðning í uppbyggingarstarfi og stefnumótun, en jafnframt veitt starfsemi háskólans ákveðið frelsi, faglega festu og aðhald.

Það er von okkar að þessi umsögn geti frætt þá sem um málið fjalla og skýri þá afstöðu sem fulltrúar BGÍ hafa til málsins. Við fögnum þessari sameiningu, en teljum að það skipti máli hvernig hlutirnir eru skilgreindir í lagaumhverfinu og að geti haft jákvæð áhrif á innra og ytra starf nýrrar háskólarstofnunar á svið landnýtingar á Íslandi

Virðingarfyllst

f.h. stjórnar

BGÍ Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands BGÍ  
Hermann Georg Gunnlaugsson

## Fylgiskjal VI.

## Umsögn Hólamannafélagsins. (29. apríl 2004.)


**Athugasemdir Hólamannafélagsins til Landbúnaðarnefndar Alþingis vegna frumvarpa um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 með síðari breytingum og breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.**

Hólamannafélagið, sem er félag hollvina Hólaskóla, vill koma á framfæri við háttvirta landbúnaðarnefnd áhyggjum sínum vegna ofangreindra þingskjala, sem nefndin hefur nú til meðferðar. Tilefni þessara frumvarpa er að sameina Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Virðist sem höfundum frumvarpsins hafi dottið í hug að breyta ákvæðum sem varða stöðu Hólaskóla “í leiðinni”, rétt eins og lítillar umræðu sé þörf um þau mál. Þær athugasemdir sem Hólamannafélagið vill koma á framfæri eru í aðalatriðum af tvennum toga. Annars vegar vill félagið mótmæla því að heimilisfesti Hólaskóla sé fellt úr lögum – og þar með eftirlátið ráðherra hvers tíma að ákveða hugsanlegar breytingar á því umræðulaust – og hins vegar vill félagið mótmæla því að sérsvið skólans hvað rannsóknir varðar séu sett í óvissu. Hólamannafélagið lýsir sig í öllum aðalatriðum samþykkt ábendingum Skúla Skúlasonar rektors Hólaskóla, sem hafa borist nefndinni, en vill til viðbótar taka fram eftirfarandi:

- Hólaskóli er að grunni til afar gömul stofnun og hefur í huga fjölda fólks mikla skírskotun sem allar tengjast Hólastað.
- Fjöldi fólks hefur numið við skólann, starfað við hann eða á nána ættingja og vini sem tengjast skólanum á einn eða annan hátt.
- Þetta fólk ber í flestum tilfellum mikinn hlýhug til skólans og ber hag hans mjög fyrir brjósri. Sá stuðningur, sem í þessu fellst og það starfsumhverfi sem þetta skapar, er dýrmæt eign skólans, sem ekki má raska í neinu efni.
- Það hefur verið afar ánægjulegt að fylgjast með hvað Hólaskóla hefur tekist vel á síðustu árum að vinna að rannsóknum í góðum takti við uppbyggingu nýrra atvinnugreina, þar sem rannsóknir skólans og þróun greinanna hafa fylgst að. Í þessu sambandi má nefna bleikjurannsóknir skólans, sem hafa - ásamt atorku duglegra einstaklinga - fært Íslendinga í fremstu röð bleikjuframleiðenda í heiminum. Þetta starf hefur vakið rækilega athygli, en virðist sett í óþarfa óvissu í nokkrum atriðum frumvarpanna, sem eru til umræðu.
- Það starf, sem unnið er á Hólum og sá hlýhugur, sem er að finna í garð Hóla meðal “Hólafólks” víða um landið er að tilefnislausu sett í óþarfa áhættu með því að kippa burtu heimilisfestu skólans úr lögum. Þau rök sem færð eru fyrir því í greinargerð með frumvarpinu um að Hólaskóli starfi víðar en á einum stað og stundi fjarkennslu eru algerlega óskiljanleg og marklaus og í raun hláleg. Dettur einhverjum í hug að fyrirtæki eigi ekki að eiga sér fastan samastað þótt það reki útibú og viðskiptavinir þess séu dreifðir um landið.

Hólamannafélagið hefur ekkert við það að athuga að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði sameinaðar. Félagið hafnar því hins vegar alfarið að við þá aðgerð verði heimilisfesti Hólaskóla fellt úr lögum og að sneitt sé að sérsviðum skólans, sem hann hefur sannanlega unnið afar vel að. Hólamannafélagið skorar því á háttvirta Landbúnaðarnefnd Alþingis að sníða þá vankanta af frumvarpinu sem að þessu lúta.

Reykjavík, 29. apríl, 2004  
f.h. Hólamannafélagsins

  
Pétur Bjarnason  
formaður

## Fylgiskjal VII.

### Umsögn skólameistara Hólaskóla.

#### **Athugasemdir við frumvörp til laga um breytingar á lögum til búnaðarfræðslu, nr. 57/1999 og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965**

Að ósk landbúnaðarnefndar Alþingis gefur undirritaður eftirfarandi umsögn og athugasemdir við ofangreind frumvörp.

Almennt séð tel ég að sameining Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sé tímabær og æskileg. Eðlilegt er að háskólakennsla og viðeigandi rannsóknir séu á hendi sömu stofnunar eða í mjög nánu samstarfi kennslu- og rannsóknastofnana.

Eftirfarandi athugasemdir varða málefni Hólaskóla þar sem þau tengjast þessum frumvörpum umtalsvert:

Sú leið hefur verið valin í frumvörpunum að gera fáar breytingar á lögum um búnaðarfræðslu þar sem þær snerta málefni hinna tveggja menntastofnana landbúnaðarins, Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins. Ég býst við að það eigi þær skýringar að þessar lagabreytingar eiga að ná svo til eingöngu til ofangreindrar sameiningar. Aftur á móti eru nokkur dæmi þar sem tillögurnar til breytinga hafa veruleg áhrif á lagalega stöðu hinna menntastofnananna, og óbein áhrifi eru augljóslega margvísleg. Í ljósi þessa geri ég sérstaklega eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

- Í breytingunum á lögum um búnaðarfræðslu er gert ráð fyrir nafnbreytingu á Hólaskóla. Í lögnum frá 1999 l. gr. er nafn skólans “Hólaskóli Hólum í Hjaltadal”, en tillagan er að hinu lagalega nafni skólans verði breytt í “Hólaskóli”. Ég tel þetta óþarfa og líklegt til að veikja lagalega stöðu skólans sem sjálfstæðrar stofnunar með sitt aðalheimili á Hólum í Hjaltadal. Hólaskóli fékk leyfi til að starfa sem háskólastofnun með reglugerð 244/2003 og Garðyrkjuskóli ríkisins hefur fengið sambærilega reglugerð. Staða Hólaskóla sem háskólastofnunar var enn frekar undirstrikuð með því að nýlega samþykkti landbúnaðarráðherra nýja námskrá skólans þar sem gert er ráð fyrir námi til B.A. gráðu í ferðamálafræði og B.S. gráðu í fiskeldi og fiskalíffræði. Ef ætlunin er að leggja til einhverja nafnbreytingu á skólanum væri því eðlilegt að lagalega nafnið væri “Hólaskóli Háskólinn á Hólum í Hjaltadal” eða “Hólaskóli Háskólinn á Hólum”. Þetta á einnig við um nafn og hlutverk skólans varðandi þær tillögur sem eru um breytingar á 29 gr. og fyrirsögn VI kafla laga um búnaðarfræðslu. Skýringar sem gefnar eru við nafnbreytinguna í frumvarpinu er að mínu mati ófullnægjandi. Að sama skapi er eðlilegt er að full viðurkenning sé á núverandi hlutverki Hólaskóla sem sjálfstæðrar háskólastofnunar í þeim tilvikum sem skólinn tengist tillögum frumvarpanna, eins og ég sá þau, beint sjá #1. Því er eðlilegt að í frumvarpi um breytingar á búfræðslulögum 13. gr. þar sem kveðið er á um breytingar á 29. gr. laga um búnaðarfræðslu standi að Hólaskóli og Garðyrkjuskóli ríkisins séu “...vísinda og menntastofnanir landbúnaðarins á háskólastigi...” og að sama skapi tel ég rétt að tilgreina skýrar hvaða stofnanir er átt við í breytingatillögum frumvarpsins 14. gr. varðandi fyrirsögn VI kafla í lögum um búnaðarfræðslu.

- Í raun er það skoðun mín og tillaga að fyrst á annað borð er verið að gera fleiri breytingar á umræddum lögum en sem lúta eingöngu að sameiningu LBH og Rala er rétt að nota þetta tækifæri og gera lögum um búnaðarfræðslu skýr, og í nánara samræmi við lög um háskóla frá 1997, hvað snertir hlutverk Hólaskóla sem háskólastofnunar. Þetta felur í sér að í fyrsta lagi þarf að breyta nafninu með þeim hætti sem ég legg til hér að ofan. Í öðru lagi þarf að setja við skólann háskólaráð í stað skólanefndar og í þriðja lagi þarf að endurskilgreina starfsheiti, svo sem rektor í stað skólameistara.
- Í frumvarpi um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna 2. gr. b. varðandi breytingar á 30. gr. laganna er gerð tillaga um fyrirhugað rannsóknasvið Landbúnaðarháskólans nýja. Í ljósi þeirrar verkaskiptingar sem gildir milli menntastofnana landbúnaðarins (sjá m.a. ofangreinda reglugerð um Hólaskóla) geri ég athugasemdir við hversu við tillagan um rannsóknasviðið er. Sérstaklega geri ég athugasemdir við að rannsóknir á ferskvatnsdýrum séu hafðar þarna með í ljósi þess að þetta er eitt af yfirlýstum sérsviðum Hólaskóla. Ég legg til að þessari upptalningu varðandi hlutverk rannsóknasviðsins verði sleppt alfarið í frumvarpinu en rannsóknir verði skýrðar síðar með reglugerð þar sem fullt tillit væri tekið til rannsóknahlutverks hinna menntastofnanna (hugsanlega sérstökum reglugerðum fyrir hvern skóla ef núverandi reglugerðir ná ekki til þessa á fullnægjandi hátt), enda er í 3. gr. frumvarps um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu lagt til að landbúnaðarráðherra skuli gera reglugerð um verkaskiptingu á milli skólanna (breyting varðandi 5. gr. laga um búnaðarfræðslu).

Ég tel afar brýnt að ofangreind atriði verði tekin til enduskoðunar í þeim frumvörpum sem nú liggja fyrir, en ítreka að það er skoðun mín að sameining LBH og Rala er mjög tímabær.



Skúli Skúlason  
 rektor Hólaskóla - Háskólans á Hólum í Hjaltadal



## Fylgiskjal VIII.

### **Umsögn Félags íslenskra landslagsarkitekta.**

(19. apríl 2004.)

Félag íslenskra landslagsarkitekta hefur kynnt sér fyrirbyggjandi frumvörp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og breytingar á lögum um búnaðarfræðslu.

Félagið telur það rétt skref að RALA og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri sameinist þannig að úr verður ein öflug rannsóknar- og háskólastofnun.

Ástæða þess að Félags íslenskra landslagsarkitekta lætur sig þetta mál varða er eðlileg þar sem stór hluti af námi og rannsóknum við skólann snertir og mun í æ ríkari mæli snerta fagsvið umhverfis- og skipulagsmála. Nú er hafið nám í umhverfisskipulagi við Háskólann á Hvanneyri og hefur það nám m.a. verið kynnt sem fornám í landslagsarkitektúr. Aðsókn að náminu hefur komið á óvart en sl. vetur stunduðu um helmingur nýnema nám við umhverfisskipulagsbraut. FÍLA hefur fylgst með framvindu þessa náms og hefur mikinn áhuga á frekari aðkomu að stefnumótun og skipulagi námsins, enda er þarna m.a. verið að ala upp verðandi landslagsarkitekta.

Því miður hefur það starf sem nú er hafið á umhverfisskipulagsbraut ekki sterkan hljómgrunn í þeim frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar og hefur félagið því talsverðar áhyggjur af tilvist námsins við stofnunina.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna;

1. Í frumvarpinu er hvergi minnst á umhverfisskipulag né landslagsarkitektúr og hefur félagið sterkar efasemdir um að hugtakið eða skilgreiningin “landbúnaður” í lögum þessum nái yfir þessar faggreinar. Við teljum nauðsynlegt að skilgreina hlutverk og rannsóknir landbúnaðarháskólans ítarlegar með tilliti til kennslu í umhverfisskipulagi.

Í frumvarpi til laga um búnaðarfræðslu er fjallað um skipan háskólaráðs í gr. 7. Mikil áhersla hefur verið lögð á breytt hlutverk landbúnaðarins og breyttar áherslur í meðferð á landi. Þetta endurspeglast m.a. í framboði á nýjum námsgreinum við háskólann. Mikilvægt að samsetning háskólaráðsins endurspegli þessar breytingar;

1. Í ljósi þess að háskólinn vinnur í fjöldamörgum verkefnum í samræmi við lög og reglur sem eru á höndum umhverfisráðuneytis (skipulags- og byggingalög; mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlög, lög um hollustuhætti o.s.frv.) væri eðlilegt að fulltrúi frá umhverfisráðuneyti sæi í háskólaráði
2. Í skýringum með lagagreininni er lögð rík áhersla á að atvinnuvegurinn hafi aðgang að háskólaráðinu og aðkomu að stjórn þessarar háskólans. Nauðsynlegt er að tryggja það á breiðari grundvelli en með tveimur fulltrúum frá Bændasamtökunum. Ef skólayfirvöldum er full alvara með námi á umhverfisskipulagsbraut væri eðlilegt að Félag íslenskra landslagsarkitekta ætti þar fulltrúa.
3. Á sama hátt og tenging við atvinnulífið er mikilvæg, er það grundvöllur allra háskólastofnana að þær hafi ákveðið faglegt og akademískt frelsi. Því er eðlilegt að pólitískra áhrifa gæti ekki um of og að tilnefning frá háskólaráði sé lögð til grundvallar skipan rektors. Einnig teljum við mikilvægt að bæði kennarar og nemendur hafi aðgang að háskólaráði í samræmi við aðra háskóla hér á landi.

Við lýsum okkur að sjálfsögðu reiðubúin að koma til fundar við nefndina hvenær sem er ef þess er óskað og ræða ofangreind mál.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Kristjánsdóttir  
formaður Félags íslenskra landslagsarkitekta  
s: 554 3550 / 554 5300

Fylgiskjal IX.

**Umsögn skólameistara Garðyrkjuskóla ríkisins.**  
(28. apríl 2004.)

Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna (878.mál).  
Umsögn um frumvarp til laga um búnaðarfræðslu (879. mál).

Frá Garðyrkjuskóla ríkisins, skólameistara.

Með vísan til erindis yðar, dags. 20. apríl sl. vill Garðyrkjuskólinn taka fram eftirfarandi.

Garðyrkjuskólinn er almennt séð hlyntur sameiningu rannsókn- og menntastofnana landbúnaðarins. Því telur skólinn að samþykka eigi þessi frumvörp en þó með þeirri breytingu að Garðyrkjuskólinn eigi að fara inn í hina nýju stofnun og vera hluti af hinum nýja Landbúnaðarháskóla Íslands með þremur starfsstöðvum, þ.e. á Reykjum, Keldnaholti og Hvanneyri auk sérstakra tilraunastöðva víða um land. Að baki þessari afstöðu, sem skólanefnd Garðyrkjuskólans hefur mótað, liggja mörg rök.

1. Margt í starfsemi RALA er innan græna geirans og frekar heima á Garðyrkjuskólanum en Hvanneyri. T.d. plöntueftirlit, svepparannsóknir, plöntuskaðvaldar, jafnvel gróðurkortagerð.
2. Með deildaskiptum háskóla yrði núningur milli skólanna úr sögunni, en óneitanlega hefur skólinn á Hvanneyri verið að færa sig inn á svið sem hafa tilheyrt fagumhverfi Garðyrkjuskólans. Þar má nefna skógrækt og landslagsarkitektúr.
3. Einn öflugur skóli á landbúnaðarsviði er öflugri í alþjóðasamstarfi sem verður sífellt mikilvægara t.d. samstarf við norræna landbúnaðarháskóla.
4. Nú þegar á sér stað öflug samvinna við líftæknifyrirtækið ORF á RALA sem sumpart þarf á sérþekkingu Garðyrkjuskólans að halda, sumpart Hvanneyri.
5. Það er mat Garðyrkjuskólans að Hólaskóli ætti að fara inn í samrunann einnig til að koma í veg fyrir núning í framtíðinni varðandi hestamennsku og fiskeldi.
6. Reykir hafa unnið öflugt starf við að sameina leiðbeiningar, fræðslu og rannsóknir (Garðyrkjumiðstöðin) og því ætti að athuga samruna við leiðbeiningarátt BÍ í framtíðinni.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins, eins og það lítur út núna, þá gerir skólinn athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarps um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna (878. mál):

1.gr. b:

"Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands skulu stundaðar rannsóknir í þágu landbúnaðarins á sérstöku rannsóknasviði er hafi aðgreindan fjárhag frá annarri starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands."

Það getur ekki verið skilvirkt, sé horft til framtíðar, að hafa rannsóknasvið með aðgreindan fjárhag. Frekar væri að hafa þetta ákvæði til bráðabirgða og þá tímasett.

2.gr. c:

"Landbúnaðarháskóli Íslands hefur umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar sem ríkið á." Til eru fleiri tilraunastöðvar t.d. á Hólum sem ekki eru hluti af hinum nýja Landbúnaðarháskóla. Hér þarf að tiltaka hvaða tilraunastöðvar falla undir Landbúnaðarháskóla Íslands til að þetta ákvæði valdi ekki misskilningi. Ekki má þó binda nafn þeirra í lög því síðar kann að reynast nauðsynlegt að sameina tilraunastöðvar eða breyta þeim á annan hátt.

Einnig má benda á að nauðsynlegt kann að vera bæta við fjárheimildir hins nýja Landbúnaðarháskóla Íslands, til að byrja með, til að standa straum af biðlaunum, starfslokasamningum, hagræðingarúttektum o.fl. Óeðlilegt er að það verði tekið af núverandi fjárheimildum.

Varðandi einstakar athugasemdir við frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 57/1999, með síðari breytingum (879. mál).

7.gr.

Garðyrkjuskólinn leggur til að bætt verði við tveim fulltrúum í háskólaráð sem eru fulltrúar starfsmanna og nemenda. Ennfremur væri rétt að bæta við heimild til að bæta við áheyrnarfulltrúum.

Einnig þarf að bæta við heimild til að setja almenna reglugerð um starf Landbúnaðarháskóla Íslands.

Með bestu kveðjum,



Sveinn Aðalsteinsson  
skólameistari

Fylgiskjal X.

**Umsögn skólafélags Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.**  
(28. apríl 2004.)

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á Lögum nr. 57/1999 og lögum nr. 65/1965**

Skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri barst til umsagnar frumvörp til laga um breytingu á búfræðslulögum nr. 57/1999 og lögum um rannsóknarstofnanir atvinnuveganna nr. 65/1965 þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og stofna Landbúnaðarháskóla Íslands sem taki við verkefnum þessara stofnana og öllum eignum þeirra.

Skólafélagið fagnar stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands og telur fyrirhugaðar breytingar þarft framfaraskref fyrir íslenskan landbúnað.

Skólafélagið gerir eftirfarandi athugasemd við breytingu á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.

Við 7. grein frumvarpsins gerum við eftirfarandi athugasemd.

Nemendum er ekki ætlaður fulltrúi í háskólaráði eins og lög um háskóla nr. 136/1997 kveða á um. Í flestum ef ekki öllum háskólum eiga nemendur fulltrúa í háskólaráði enda er það almennt viðurkennt sem sjálfsagður réttur, því háskóli er vettvangur atvinnulífs, fræðaumhverfis og námsmanna. Í sambærilegum háskólum erlendis s.s. Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn og Norska landbúnaðarháskólanum, eiga nemendur fulltrúa í háskólaráði. Til að gæta síðan samræmis þá er rétt að starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands eigi fulltrúa í ráðinu.

Við gerum því að tillögu okkar að 7. grein hljóði sem svo:

Í háskólaráði eiga sæti:

1. Háskólarektor sem jafnframt er formaður ráðsins.
2. Einn fulltrúi skipaðir af landbúnaðarráðherra.
3. Einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra.
4. Einn fulltrúi tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.
5. Einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.
6. Einn fulltrúi tilnefndur af nemendum Landbúnaðarháskóla Íslands.
7. Einn fulltrúi tilnefndur af starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands

Tilnefna skal og skipa bæði aðal- og varamann í háskólaráð. Landbúnaðarráðherra skipar í háskólaráð til 5 ára í senn.

Virðingarfyllt,  
f.h skólafélags LBH

---

Jón Örvar Jónsson  
formaður

Fylgiskjal XI.**Umsögn rektors Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.**

(28. apríl 2004.)

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á lögum nr. 57/1999 og lögum nr. 65/1965.

Undirrituðum, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, hefur borist til umsgnar frumvörp til laga um breytingu um breytingu á búfræðslulögum nr. 57/1999 og lögum um rannsóknarstofnanir atvinnuveganna nr. 65/1965 þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og stofna Landbúnaðarháskóla Íslands sem taki við verkefnum þessara stofnana og öllum eignum þeirra.

Það er sjónarmið mitt að skipulagsbreytingar þær sem boðaðar eru með þessum frumvörpum eru til eflingar kennslu og rannsóknum á sviði landbúnaðar og mikilvægt að þær boði fyrstu skref í heildarendurskoðun á skipan fræðslu og rannsóknastofnana landbúnaðarins. Frumvörpin eru þó með ýmsum ágöllum sem nauðsynlegt er að endurskoða áður en þau verða samþykkt. Eftirfarandi athugasemdir vil ég gera við frumvörpin.

- Tilnefning í háskólaráð er ekki í samsræmi við háskólalög og því er það nauðsynlegt að breyta þeirri skipan. Nauðsynlegt er að kennarar og nemendur eigi þar fulltrúa. Þá er algjörlega óásættanlegt að háskólaráð Háskóla Íslands tilnefni fulltrúa í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands. Slíkt er beinlínis óæskilegt vegna þeirrar samkeppni sem óhjákvæmilega mun ríka milli háskóla í framtíðinni.
- Staða og valdsvið háskólaráðs er einnig í ósamsræmi við það sem gert er ráð fyrir í lögum um aðra ríkisháskóla hérlendis og ég tel að lagagreinin um háskólaráð í núgildandi búfræðslulögum ætti að standa óbreytt hvað varðar valdsvið.
- Skipan rektors eins gert er ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á búfræðslulögum er óskynsamleg í ljósi þess hversu nauðsynlegt er að háskóli hafi sjálfstæði.
- Verksvið rannsóknasviðs háskólans er mun þrengra skilgeint í frumvarpi til breytinga á lögum um rannsóknarstofnanir atvinnuveganna en er í núgildandi lögum um búnaðarfræðslu. Þetta þarf að samræma og í raun vikka því í ljós hefur komið að miðað við hið fjölþætta hlutverk atvinnuvegarins þá eru nokkur

viðfangsefni augljóslega í verkahring landbúnaðarins sem lítið eða ekki eru tiltekin í lögnum. Þar skal aðeins nefnd skipulagsmál landnýtingar og umhverfisvöktun sem ekki verða skilin frá landbúnaðarstrfsemi framtíðarinnar.

- Gert er ráð fyrir að fella niður úr fyrstu grein laga um búnaðarfræðslu (57/1999) tilvísun til staðsetningar höfuðstöðva menntastofnana landbúnaðarins, þ.e. Hvanneyri, Hóla í Hjaltadal og Reyki í Ölfusi. Ég er andvígur þessum breytingum og sé ekki að þær séu til vegsauka né gagns fyrir verkefni þau sem stofnunum er ætlað að vinna. Rökin um að þar með sé auðveldara að starfa á mörgum stöðum er léttvæg. Þá er nafnbreyting Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri í Landbúnaðarháskóla Íslands ekki vegsauki í sjálfu sér. Virðing skólans mun framvegis sem hingað til ráðast af verkum hans ekki heiti.
- Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram „starfsmenn skulu boðin störf hjá LBHÍ” en ætti að vera „boðin sambærileg störf...”
- Í breytingum í nokkrum lagabálkum, s.s lögum 63/1989 um Hagþjónustu kemur fram að 6 tl. 2. gr laga eigi að hljóða svo: Að hafa samstarf við búvísindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands um kennslu í landbúnaðarhagfræði. Búvísindadeildi hefur ekki verið til frá árinu 1999!
- Í greinargerð með frumvörpunum kemur fram það álit að kostnður vegna þessara breytinga rúmist innan fjárheimilda stofnananna. Þetta er ragnt og þjónar ekki öðrum tilgangi en að leyra því að þessari breytingu fylgir verulegur kostnaður og verði ekki tekið tillit til þess mun það eyðpileggja þau áform og yfirlýsingar um að breytingamar efli og styrki menntun og rannsóknir í landbúnaði.

Ég vil einnig að það komi fram að ég hef áður kynnt þá skoðun mína að þessi skipulagsbreyting sé möguleg án lagabreytinga og hefði með mun minna raski fyrir stofnanirnar og á hógum starfsmanna mátt ná meginmarkmiðum þeim sem sett eru fram um tilgang þeirra.

Það er ósk mín að tillit verði tekið til þessara óska um breytingar á frumvörpunum.

Virðingarfyllst,

---

Magnús B. Jónsson  
rektor

Fylgiskjal XII.**Umsögn menntamálanefndar.**

(5. maí 2004.)

Menntamálanefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, og frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, með síðari breytingum. Í frumvörpunum er gert ráð fyrir að stofnanir Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði lagðar niður sem slíkar. Á grunni þeirra verði til Landbúnaðarháskóla Íslands sem taki við öllum verkefnum, eignum og skuldbindingum stofnananna tveggja.


Nefndin bendir á að í háskólalögum er að finna almenn ákvæði um skipan háskólaráðs sem kveða m.a. á um að bæði kennarar og nemendur skuli eiga fulltrúa í ráði hvers háskóla. Í ljósi samræmingar á löggjöf um háskóla telur nefndin að svipaðar reglur eigi að gilda um landbúnaðarháskólann. Nefndin beinir því einnig til landbúnaðarnefndar að taka til athugunar aðferðir við ráðningu rektors við háskólann.

Nefndin telur það einkenni góðs háskóla að akademískt frelsi sé í rannsóknum og telur óheppilegt að tilgreina nákvæmlega í lögum að hverju rannsóknir háskóla skuli m.a. beinast. Jafnframt tekur nefndin fram að nauðsynlegt er að tryggt sé að yfirstandandi rannsóknum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði engin hætta búið við þá breytingu sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Nefndin bendir jafnframt á að með breytingunum sem fyrirhugaðar eru í frumvörpunum yrði stigið fyrsta skrefið í átt að sameiningu eða víðtæku samstarfi þeirra þriggja skóla sem starfa á sviði búnaðarfræðslu, þ.e. landbúnaðarháskólans, Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins. Nefndin telur breytingarnar veganesti í að skoða framhald mála varðandi Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins og skapa heildstæða framtíðarsýn fyrir skólana þrjá.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni gera fyrirvara við þessa umsögn. Þar sem frumvarpið fjallar eingöngu um sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins telja þeir vandkvæðum bundið að taka afstöðu til frekari sameiningar á grundvelli þess, enda hafi nefndinni sem undirbjó frumvarpið eingöngu verið fengið það hlutverk að líta til þessara tveggja stofnana. Þá telja þeir óeðlilegt að stofnun þeirri sem hér er að verða til skuli ætlað að starfa eftir tvennum lögum og telja að sameina ætti málefni hennar undir ein lög og eina reglugerð.

F.h. menntamálanefndar Alþingis




---

Sigrún Brynja Einarsdóttir  
nefndaritari